

Aldur Hauksbókar

Stefán Karlsson

1. Rithönd Hauks Erlendssonar lögmanns er elzta rithönd nafngreinds Íslendinga, sem nú er kunn, og hana er að finna á tveimur bréfum (§ 2) og tveimur bókum eða bóka-leifum (§ 3 og 4). Í heimildum er Hauks fyrst getið 1294¹⁾; þá er hann lögmaður (sunnan og austan) á Íslandi, en hann mun ekki hafa gegnt því starfi nema eitt ár²⁾. Nálægt aldamótunum 1300 hefur Haukur flutt til Noregs, og þar virðist hann hafa alið aldur sinn að mestu — að svo miklu leyti sem til hans spyrst — til dauðadags 1334.

2.1. Haukur Erlendsson kemur við allmörg bréf í Noregi á árunum 1302–34, og tvö þeirra mun hann hafa skrifað sjálfur³⁾. Bæði þessi bréf eru lögmannsúrskurðir, kveðnir

1) *Islandske Annaler indtil 1578*. Udgivne ved Dr. Gustav Storm. (Christiania 1888), p. 144, 198, 485.

2) Sjá Jón Jóhannesson, *Réttindabarátta Íslendinga í upphafi 14. aldar* (Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju, annar flokkur I,4, Reykjavík 1956), p. 7. — Ritgerðin er endurprentuð í *Íslendinga sögu II* (Rvk. 1958).

3) Sjá Om Ridderen og Rigsraaden Hr. Hauk Erlendssøn, Islands, Oslo og Gulathings Lagmand, og om hans literære Virksomhed; ved P. A. Munch (*Annaler for nordisk Oldkyndighed og Historie*, 1847 (Kjöbenhavn), p. 169–216 og 388–89. — Endurprentað í *Samlede Afhandlinger I* (Christiania 1873). — Bæði bréfin eru í Riksarkivet í Ósló, en ljósprent og stafréttan texta er að finna í *Islandske originaldiplomer indtil 1450, faksimiler* (Editiones Arnamagnæanæ, Supplementum, vol. 1),

upp af Hauki, sá fyrri 1302 — þar nefnir hann sig lögmann í Ósló — og sá síðari 1310 í Björgvin — þá hefur hann verið orðinn Gulabingslögmaður.

2.20. Enda þótt enginn vafi geti á því leikið að bréfin tvö séu með sömu hendi, verður þó fundinn ofurlítill munur á stafagerð þeirra í tveimur greinum:

2.21. Langleggir stafanna *f*, *p* og *þ* enda venjulega í krók að neðan; þessi krókur beygist nær undantekningalaust til vinstri í bréfinu 1302, en til hægri í bréfinu 1310.

2.22. Í eldra bréfinu er einhöfð sú gerð *ok*-bands, sem algeng er á 13. öld og líkist tölunni 7 eða stafnum *J*, en í yngra bréfinu eru notaðar þrjár gerðir af bandinu: 1) sú fyrrnefnda, 2) með sveig til hægri að neðan, þ. e. a. s. tákn sem líkist *z* án þverstriks, 3) *z* með þverstriki, en það er algengasta *ok*-band á 14. öld. Af þessum gerðum er 2) tíðust í bréfinu.

2.3. Þann mismun sem lýst var í § 2.22 er einlægast að skýra svo, að Haukur hafi verið farinn að semja sig að nýjum sið þegar hann skrifaði yngra bréfið, en væri ekki meira til með hendi hans en þessi tvö stuttu bréf, kynni að vera varhugavert að álykta að hvortveggja munurinn á stafagerð hans ætti rætur að rekja til þróunar á rithendi hans á þeim átta árum sem líða á milli ritunar bréfanna.

3.1. Nafnið *Hauksbók* er nú haft um handritin AM 371 4to, 544 4to og 675 4to, sem talin eru hlutar einnar og sömu bókar¹⁾, sem raunar er ekki heil, en hefur að geyma fjölskrúðugt efni. AM 675 og þrjú fremstu kverin í 544 (f. 1–21) snerta ekki efni þessarar greinar, en öll önnur kver bókarinnar eru skrifuð að Hauki Erlendssyni eða

og Islandske originaldiplomer indtil 1450, tekst, udgivet af Stefán Karlsson (Editiones Arnarnagæanæ, Series A, vol. 7, Hafniæ 1963), nr. 4 og 5; sjá einnig síðarnefnda bók p. XL.

¹⁾ Textaútgáfa gerð af Finni Jónssyni og Eiríki Jónssyni: *Hauksbók* udgiven af Det kongelige nordiske oldskrift-selskab, København 1892–96; hér skammst. HbT. — Ljósprent: *Hauksbók* (Manuscripta Islandica Edited by Jón Helgason, vol. 5, Copenhagen 1960); hér skammst. HbL.

undir handarjaðri hans¹⁾, eins og lengi hefur verið kunnugt, og nú skal að því hugað, hvernig þau rithandars einkenni sem lýst var í § 2.2 koma fram í Hauksbók.

3.21. Bæði einkenni eldra bréfsins gefur aðeins að líta á einni blaðsíðu í Hauksbók, 544, f. 34r; hér nefnd *Hb1*. Skriftin á þessari síðu er heldur smá og skriftaráferðin svo ólík öðru því sem Haukur hefur skrifað, að Finnur Jónsson taldi síðuna ekki vera með hendi hans (*HbT*, p. XVI), en bæði Jón Þorkelsson rektor²⁾ og Jón Helgason (*HbL*, p. IX og X) eigna Hauki hana fyrirvaralaust, og er það ugglaustr rétt.

3.22. Obbin af Hauksbók fylgir bréfinu 1310 í því að krókurinn á *f*, *p* og *þ* beygist til hægri, en hins vegar er elzta ok-bandið að heita má einhaft eins og í bréfinu 1302. Þetta á við um 371, sem allt er með hendi Hauks, og það sem Haukur hefur skrifað af 544 að frátöldu f. 34r (sbr. § 3.21) og f. 60–68 (sbr. § 3.23); hér verður þessi aðalhluti Hauksbókar nefndur *Hb2*.

3.23. Á f. 60–68 í 544 (*Hb3*) eru bæði sérkenni yngra bréfsins. Allar þrjár gerðir ok-bandsins er að finna á þessum blöðum, en þó mun yngsta gerðin vera tíðari en í bréfinu.

3.30. Regluleg skipting skriftarsérkenna bréfanna tveggja milli afmarkaðra hluta Hauksbókar mælir gegn því að þau séu tilviljun undirorpin (sbr. § 2.3), og liggur þá næst að hugsa sér að Haukur hafi unnið að bók sinni í áföngum og að hlutar hennar hafi orðið til í þeirri röð sem þeir eru taldir í § 3.2, *Hb1*, *Hb2* og *Hb3*. Þá er á það að líta, hvort sú hugmynd fái komið heim við samsetningu bókarinnar.

1) F. 80–99r í 544 er að mestu með hendi eins ritara, en þrír aðrir skrifa á þessum kafla fáeinar línur. Á f. 80r er haldið áfram Fóstbræðra sögu, sem Haukur hefur sjálfur skrifað framan til, og á f. 99r tekur Haukur við á nýjaleik í Eiríks sögu rauða, svo að augljóst er að þessir skrifarar hafa verið í þjónustu hans. Sama máli gegnir um þann sem hefur skrifað f. 100r–101r, og loks er f. 107v að mestu með sérstakri hendi (sjá *HbL*, p. IX–X).

2) Nokkur blöð úr Hauksbók og brot úr Guðmundarsögu (Reykjavík 1865), p. XIV; hér verður þetta rit skammst. Nb1Hb.

3.31. F. 34 í 544 (Hb1) er næstsiðasta blað í kveri, og í fljótu bragði virðist ekki trúlegt að það sé skrifað á undan fremri blöðum kversins, en þó fær það vel staðizt, ef betur er að gáð. Trójumanna saga hefst með nýju 8 blaða kveri á f. 22r og endar neðarlega á 33v, 4. blaði 6 blaða kvers. Í lok hennar er boðað að Breta sögur taki við, en þær hefjast ekki fyrr en með næsta kveri á f. 36r, og Finnur Jónsson átti erfitt með að skýra hvernig á því stæði (HbT, p. XCVII). Á f. 34r skrifar Haukur um náttúrusteina, og á f. 35v er latnesk tímatalspula, Cisiojanus, með annarri hendi, en f. 34v og 35r hafa verið auð í öndverðu. Vel mætti hugsa sér að þegar Haukur var búinn að skrifa 8 blaða kverið (f. 22–29) hafi hann reiknað út að afgangur Trójumanna sögu kæmist á 4 blöð og búið sér til 6 blaða kver þar sem tvær ytri arkirnar (1. og 6., 2. og 5. blað kversins) vóru arkir sem hann átti í förum sínum, en nú brotnar þannig að þau blöð sem vóru skrifuð fyrir lentu aftast í kverinu; Haukur Erlendsson var nýttinn maður á skinn (sbr. HbL, p. XVIII og XXII).

3.32. Ef Hb1 er sleppt, er Hb2 sér um kver (ásamt því sem talið var með hendi skrifara Hauks í neðanmálsgrein við § 3.1). Efnisskipti fara á nokkrum stöðum saman við kveraskipti (og sums staðar skalla í handritið), þannig að skipta má þessum hluta bókarinnar í fernt: Hb2a (371): Landnámabók og Kristni saga; Hb2b. (544, f. 22–59): Trójumanna saga og Bretasögur; Hb2c (544, f. 69–76): Hemings þáttur (vantar framan á) og Heiðreks saga (vantar aftan á); Hb2d (544, f. 77–107): Fóstbræðra saga (vantar framan á), Algorismus, Eiríks saga rauða, Skálda saga, Af Upplendinga konungum, Ragnarssona þáttur og Prognostica temporum. Nokkur áferðarmunur er á skriftinni á þessum fjórum hlutum. Í Hb2b eru stafirnir stærri en víðast hvar annars staðar, en í Hb2a eru línur yfirleitt færri og gisnari en í Hb2c og d, enda þótt stafastærðin sé svipuð á þessum hlutum. Óvíst er að allir fjórir hlutar séu skrifaðir í einni lotu eða í þeirri röð sem nú er á þeim og

ekki er vist að sé eldri en frá dögum Árna Magnússonar.¹⁾

3.33. Hb3 (544, f. 60–68) er sérstakt kver og sér um efni; í þessum hluta er Viðræða æðru og hugrekki og líkams og sálar. Aftan á síðarnefnda þáttinn vantar, en í annan stað engin ástæða er til að ætla að niðurlag hans og upphaf Hemings þáttar hafi verið á sama kveri.

3.40. Allskiptar skoðanir hafa verið á aldri Hauksbókar, enda þótt tengsl hennar við Hauk lögmann hafi valdið því að hægt hefur verið að skipa henni til nokkuð afmarkaðs tímabils með meira öryggi en títt er um íslenzkar skinnbækur. Guðbrandur Vigfússon taldi líklegt að hún væri rituð á Íslandi á árunum 1294–1300²⁾, en á hinn bóginn leitaðist Finnur Jónsson við að sýna fram á að hún mundi skrifuð á síðustu 10–15 æviárum Hauks, helzt 1323–29, en á því tímabili er alls ekkert um Hauk vitað, og Finnur gerði ráð fyrir að hann hefði dvalizt á Íslandi, úr því að forrit hans hefðu án efa öll verið íslensk (HbT, p. CXXXVII–VIII). Svipaðrar skoðunar var Jón Þorkelsson (Nb1Hb, p. XV–XVII). Jón Helgason hefur fundið röksemdir Finns fyrir því að bókin væri svo ung léttvægar, en vill halda í eftirfarandi aldursákvarðanir (HbL, p. XX–XXII): Landnáma hefur ekki verið skrifuð fyrir 1299 og varla fyrir 1301, en e. t. v. þó áður en Haukur var herraður, sem virðist hafa gerzt í síðasta lagi 1306. Endir Eiríks sögu rauða hefur ekki verið skrifaður fyrr en eftir að Haukur hlaut herratítul, og Fóstbræðra saga er ekki skrifuð fyrr en í fyrsta lagi í árslok 1304. Eitt nafn í glötuðum hluta handritsins hefur ekki verið skrifað fyrr en 1314, en kynni að vera síðari viðbót. Þessir termini post quos, sem hér eru nefndir, koma vel heim við aldursákvarðanir á grundvelli bréfanna tveggja:

3.41. Hb1 er skrifuð um 1302 eða öllu heldur fyrir þetta ár, því að skriftin er smærri og heldur viðvaningslegri en á bréfinu frá þessu ári.

¹⁾ Sjá § 4.3 hér að aftan.

²⁾ Biskupa sögur. Fyrsta bindi (Kaupmannahöfn 1858), p. XIX.

3.42. Hb2 er skrifuð milli 1302 og 1310. Á árunum 1306–08 mun Haukur hafa dvalizt á Íslandi¹⁾, og nærtækt er að ætla að Hb2 — eða a.m.k. sumir hlutar — séu frá þeim árum, með því að flest eða öll ritin þar munu vera íslensk og sex skrifarar, sem líklega hafa allir verið íslenskir, hafa hlaupið undir bagga með Hauki við að skrifa Hb2d (sbr. HbL, p. IX–XI).

3.43. Hb3 er skrifuð um eða eftir 1310, þ.e.a.s. eftir að Haukur var kominn til Noregs aftur. Finnur Jónsson hefur bent á rök fyrir því að þýðandi þessara þátta kynni að hafa verið norskur (HbT, p. CXXVI), og fleira mætti tína til úr stafsetningarlýsingu Finns (HbT, p. XXXVI–XLVI) af norskulegum orðmyndum sem koma aðeins fyrir í Hb3²⁾: *mek* 312.28; *gang* (= gagn) 305.21; *mer* (= vér) 307.4 (sbr. þó *mið* (= vit) 249.33, 250.19 (Breta sögur)); *hyl* (3. pers.) 305.14 (tvísvar), 330.5, *dvel* (3. pers.) 308.24. Einstakar eru líka orðmyndirnar *langiori* 324.19 og *offvssv* 307.18, *avfvssv* 319.23, *ofvssv* 327.34. Enda þótt sumar þessara orðmynda séu hreint ekki fásénaar í íslenskum handritum frá 14. öld, er eðlilegast hér — þar sem þær skera sig úr — að gera ráð fyrir að þær séu komnar úr forriti, og þá trúlega norsku³⁾. Hitt mætti þó líka hugsa sér, að málfar Hauks hefði orðið norskuskotnara eftir því sem leið á Noregsvist hans.

4.1. Með hendi Hauks Erlendssonar eru einning kunn brot af 11 blöðum úr lögbókarhandriti sem hefur haft að geyma norsku landslögin (fyrir Gulþing) og Hirðskrá⁴⁾.

4.2. Á stafagerð lögbókarbrotanna eru sömu einkenni og

¹⁾ Islandske Annaler, p. 149, 201–02, 340–41, 390–91, 487. — Í Flat-eyjarannál (sama rit, p. 389) er Haukur sagður hafa verið á þingi (þ.e. alþingi) 1304, en það mun ekki rétt, sbr. Jón Jóhannesson, Réttinda-barátta Íslendinga, p. 47 og 52.

²⁾ Blaðsíðu- og línutölur eiga við HbT.

³⁾ Brot af fyrra þættinum (niðurlag) er varðveitt í norsku handriti frá 13. öld, DG 4–7 í Uppsölum.

⁴⁾ Ljósprent: Gammalnorske membranfragment i Riksarkivet, band I, med ei innleiing av Thorsten Eken (Oslo MCMLXIII), p. 38–51 (nr. 2).

á stafagerðinni í Hb2. Eitt dæmi er í lögbókarbrotunum um annað yngra afbrigði bréfsins 1310 af ok-bandinu, þ.e.a.s. z án þverstriks (alfa v3), og í Hb2 er sama afbrigði að finna a.m.k. á tveim stöðum (544, 71v8 og 72r19 (Hb2c)), en hvorki á brotunum né Hb2 hefur orðið vart yngsta afbrigðisins, z með þverstriki.

4.3. Lögbókarhandrit Hauks ætti samkvæmt framanskráðu að vera svipað Hb2 að aldri, þ.e.a.s. frá einhverju áranum 1302–10. Nú er harla ósennilegt að Haukur hafi gert lögbókarhandritið á Íslandi, og er það þá annað hvort skrifað á árunum 1302–06 eða 1308–10. Vegna ok-bandsins yngra í Hb2c og lögbókarbrotunum kynni að þykja trúlegt að Hb2c væri yngst af Hb2 og lögbókin þá frá síðarnefndu tímabili, en fundin dæmi um bandið eru fá og ekki fyrir það að synja, að það kunni að leynast víðar í Hb2. Þá er þess að geta að bæði P. A. Munch (Annaler 1847, p. 209) og Jón Helgason (HbL, p. X) telja skriftina á lögbókarbrotunum skyldari 371 (Hb2a) en öðrum hlutum Hauksbókar. Munch nefnir til að í 544, sem hann telur yngra en 371, sé Haukur nær hættur að setja brodda, og enda þótt það sé ofmælt, mun þó rétt að broddanotkun sé meiri í lögbókarbrotunum en í 544 (að Hb1 meðtalinni) og að 371 standi heldur nær lögbókarbrotunum í þessu efni, en víða er 544 svo máð að það torveldar athugun. Dæmi um brodda yfir öðrum stöfum en í í eldra bréfi Hauks eru tvö, en eitt í því yngra, sem er styttra, en bæði bréfin eru svo stutt að upp úr þessum vitnisburði þeirra er ekkert leggjandi. Jón Helgason nefnir það sérkenni á lögbókarbrotunum og 371, að venjulega séu þar rauðir hlykkir á kaflamótum. Að þessu einkenni kveður einnig mjög í Hb1 (þar sem þessir hlykkir eru stundum grænir), en annars staðar í 544 bregður þeim fyrir á stöku stað, t.d. 36r (Hb2b), 72v (Hb2c) og 64v (Hb3). Að öllu saman lögðu virðist ekki unnt að tímasetja lögbókarbrotin nánar en 1302–10 á grundvelli skriftareinkenna, en trúleg er tilgáta Munchs, að Haukur muni hafa skrifað sér bókina um 1303 eða 4, um það leyti sem hann varð Gulapingslögmaður.

SUMMARY

1. Haukr Erlendsson is mentioned for the first time in the sources as lawman in Iceland in 1294, but about 1300 he moved to Norway, where he lived for most of the time until his death in 1334. Two letters and parts of two books in his hand are extant.

2. His autograph letters were written in Norway in 1302 and 1310, and two differences can be seen in their scribal habits, one concerned with a curve in the down-stroke of the letters *f*, *p* and *b*, and the other with the *ok* abbreviation.

3. The name Hauksbók is applied to the manuscripts AM 371 4to, 544 4to and 675 4to, of which the whole of 371 and parts of 544 are written in Haukr Erlendsson's own hand. On a single side of 544, f34r (Hb1), both the palæographic criteria mentioned above show agreement with the letter of 1302, while the whole of 371 and the greater part of Haukr's portion of 544 (Hb2) agree with the older letter on one point (the *ok* abbreviation) but with the younger on the other. ff60–68 of 544 (Hb3) are in agreement with the letter of 1310 on both points. From this it may be concluded that Hb1 was written about or before 1302, Hb2 in the period 1302–10 — probably at least part of it in 1306–08, when H. E. was staying in Iceland; nearly all, if not all the material in Hb2 is Icelandic — and Hb3 about or after 1310. These dates are consistent with the compilation of the codex and with earlier dating based on internal evidence. Hb3 shows some examples of Norwegian-influenced word-forms which are not found in Hb1 and 2, and its exemplar may have been Norwegian.

4. In Riksarkivet in Oslo there are some fragments of a Norwegian law-book in H. E.'s hand; these may be dated, on the basis of the same criteria, to the period 1302–10.